sveitarstjórnar um úthlutun eða skiptingu. Skal úthluta til einstakra aflamarksskipa og krókaaflamarksbáta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorskígildum reiknað, miðað við úthlutun til þeirra á grundvelli aflahlutdeildar, skv. lögum nr. 38/1990, í upphafi fiskveiðiárs 2005/2006. Við úthlutun skal heildaraflamark einstakra fiskiskipa ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutun í upphafi fiskveiðiárs 2005/2006 og ekkert fiskiskip skal hljóta meira en 15 þorskígildislestir miðað við óslægðan fisk. Vikið skal frá þessari takmörkun á hlut hvers báts fáist heildarhlut einhvers byggðarlags ekki skipt með öðrum hætti. Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut einhvers fiskiskips, samkvæmt framangreindum reglum, fellur úthlutun til þess fiskiskips niður og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá sama byggðarlagi.

Afla sem úthlutað er samkvæmt þessari grein er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlags, enda fari vinnsla botnfisks þar fram.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. málslið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. september 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu 4. ágúst 2005.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 723 4. ágúst 2005

REGLUGERÐ

um úthlutun sérstakra aflaheimilda til krókaaflamarksbáta á fiskveiðiárinu 2005/2006.

1. gr.

Fiskistofa skal á fiskveiðiárinu 2005/2006 úthluta 250 lestum af ýsu, 250 lestum af steinbít og 75 lestum af ufsa, miðað við óslægðan fisk, til krókaaflamarksbáta samkvæmt reikniforsendum reglugerðar nr. 283, 9. apríl 2002, um úthlutun aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2001/2002. Við skiptingu aflaheimildanna milli byggðarlaga og einstakra skipa innan þeirra skal miða við magn tilgreint í reglugerð nr. 283/2002 og skerða síðan úthlutun til einstaks báts um 75% í þorskígildum reiknað.

2. gr.

Aðeins skal úthluta þeim bátum sem uppfylltu skilyrði reglugerðar nr. 283, 9. apríl 2002, til úthlutunar, enda séu þeir enn skráðir í sömu sjávarbyggð við útgáfu reglugerðar þessarar. Hafi eigandi báts, sem úthlutun hlaut á fiskveiðiárinu 2002/2003, skv. reglugerð nr. 600, 9. ágúst 2002, selt þann bát sinn er heimilt að úthluta öðrum báti í hans eigu, sem skráður er í sömu sjávarbyggð, þeim aflaheimildum, sem hinn seldi bátur hefði annars fengið, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar milli bátanna.

Engum báti skal úthlutað meiri aflaheimildum samkvæmt reglugerð þessari en sem nemur því magni, sem viðkomandi bátur hefur landað í hlutaðeigandi sjávarbyggð á tímabilinu 1. ágúst 2004 til 31. júlí 2005 samkvæmt upplýsingum úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út á grundvelli b. liðar 2. gr. laga nr. 147, 20. desember 2003, um breytingu á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2005.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. ágúst 2005.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

4. ágúst 2005 Nr. 724

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2005/2006.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni gildir 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Heildarafli og veiðitímabil.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2005 til 31. ágúst 2006 er leyfilegur heildarafli í óslægðum botnfiski sem hér segir:

Tegund	1. Lestir	2. Lestir	3. Lestir	4. Lestir	5. Lestir	6. Lestir	7. Lestir	8. Lestir
1. Þorskur	198.000	3.000	280	2.311	2.993	–	3.375	186.041
2. Ýsa	105.000	–	148	1.225	1.587	250	1.472	100.318
3. Ufsi	80.000	–	113	934	1.209	75	–	77.669
4. Steinbítur	13.000	–	18	152	197	250	644	11.739
5. Karfi	57.000	–	–	–	–	–	–	57.000
6. Grálúða	15.000	–	–	–	–	–	–	15.000
7. Sandkoli	4.000	–	–	–	–	–	–	4.000
8. Skrápflúra	3.500	–	–	–	–	–	–	3.500
9. Skarkoli	5.000	–	–	–	–	–	–	5.000
10. Þykkvalúra	1.800	–	–	–	–	–	–	1.800
11. Langlúra	2.400	–	–	–	–	–	–	2.400
12. Keila	3.500	–	–	–	–	–	–	3.500
13. Langa	5.000	–	–	–	–	–	–	5.000
14. Skötuselur	2.500	–	–	–	–	–	–	2.500

Skýringar á töflu:

1. Leyfilegur heildarafli.
2. Til jöfnunar skv. 9. gr. a. laga nr. 38/1990.
3. Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákvæði til bráðabirgða XXVI við lög nr. 38/1990.
4. Til uppbóta skv. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990 (skel– og rækjubætur).